

Ytra mat grunnskóla

Árskógar skóli

September 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Dalvíkurbyggð

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2395-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun	4
Nám og kennsla	5
Innra mat	5
Skóli án aðgreiningar	6
Skólaprófill	7
Árskógarskóli	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Faglegt samstarf og samræða	9
1.2 Samvirkni í stefnumótun	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2 Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	15
2.4 Skipulag náms	16
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka	17
Þáttur 3 – Innra mat	18
3.1 Skipulag	18
3.2 Framkvæmd	18
3.3 Umbætur	18
Þáttur 4 – Skóli án aðgreiningar	20
4.1 Menning og viðhorf	20
4.2 Námskrá og áætlanir	20
4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti	20
4.4 Starfshættir	20

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Árskógarskóla í Dalvíkurbyggð sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skóli án aðgreiningar*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal allra starfsmanna.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla nánast öll viðmið aðalnámskrár.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti á fjölbreyttan hátt.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og fjölbreytt.
- Efnt er reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum og skólalæing eru haldin.
- Heimasíðan er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Stjórnendur leitast við að hafa samskipti sem jákvæðust og leysa þau ágreiningsmál sem upp koma sem fyrst.
- Nemendur taka þátt í að endurskoða skólareglur.
- Nýir kennarar fá sérstakan stuðning í starfi.
- Starfsmenn leiða og bera ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum sem snúa að skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Auka samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun í skólanum.
- Kynna foreldrum og nemendum enn betur sýn og stefna skólans, svo sem einkunnarorð hans.
- Vinna með einkunnarorð skólans og gera þau sýnilegri.
- Leita enn frekar leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfi.
- Gera starfáætlun fyrir skólaráð og funda reglulega.
- Skólaráð haldi a.m.k. einn opinn fund á ári með hagsmunaaðilum skólans.
- Skrá verklag um hvernig gögn, s.s. kannanir og skimanir um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til eflingar starfinu.
- Sjá til þess að verktakar og aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Skrá og birta verkaskiptingu stjórnenda.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Stefnu skólans og útfærslu í skólastarfi er skilmerkilega gerð skil í skólanámskrá.
- Sérstakur stuðningur við nemendur fer fram innan námshóps.
- Uppsafnað meðaltal sýnir góðan árangur á samræmdum prófum hjá 4. bekk.
- Kennarar sýna fagmennsku í störfum.
- Hæfniviðmið námsgreina eru birt á heimasíðu.
- Nemendur eru virkir og hafa áhrif á nám og námsumhverfi sitt.
- Nemendum er kennt að meta eigið nám með nemendamöppum.
- Nemendur nýta námsumhverfið á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur nýta upplýsingatækni til náms.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans um nám barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa með markmiðum náms tengt aðalnámskrá og stefnu skólans í upphafi skólaárs.
- Tengja grunnþætti menntunar og hvernig unnið er með lykilhæfni við áætlanir um nám nemenda.
- Setja betur fram í námskrám árganga hvernig vinna á með sérstakar áherslur skólans, svo sem útikennslu.
- Gera nemendum grein fyrir hæfniviðmiðum sem stefnt er að í námsgreinum.
- Gera betur grein fyrir áherslum og framkvæmd vegna sértæks stuðnings.
- Greina slakan árangur nemenda í stærðfræði og bregðast við.
- Vinna með niðurstöður samræmdra könnunarprófa til lengri tíma litið.
- Efla teymisvinnu kennara og sjá til þess að óreyndir kennarar fái stuðning við skipulag og framkvæmd kennslu.
- Gefa nemendum 1. bekkjar sér tíma einhvern hluta af kennsludegi.
- Efla samræður um nám og samvinnu nemenda þar sem við á.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.

Innra mat

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Skólinn nýtir niðurstöður út ytra mati sveitarfélags í sitt innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og megindlegra gagna.
- Greinargerð um innra mat liðins árs er til staðar.
- Í greinargerð er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar viðkomandi hagsmunaaðilum.
- Brugðist er fljótt við hugmyndum um tækifæri til umbóta, þó þær séu ekki í innra mats áætlun.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina viðmið í innra mats áætlun um þann árangur sem stefnt er að, þar sem það á við.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Endurskoða reglulega aðferðir í innra mati.
- Gera umbótaáætlun fyrir hvert skólaár þar sem koma fram markmið og leiðir, ábyrgðaraðilar, þátttakendur, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta árangur umbóta.
- Leggja umbótaáætlun formlega fyrir skólaráð og birta á heimasíðu.
- Birta greinargerð um innra mat liðins árs/ára á heimasíðu skólans.

Skóli án aðgreiningar

Styrkleikar

- Skólinn hefur mótað sér sýn um skóla án aðgreiningar.
- Stjórnendur halda á lofti þeirri sýn að skólinn sé skóli án aðgreiningar.
- Allir nemendur eru velkomnir í skólann og leitast er við að skapa námsaðstæður fyrir alla nemendur og útvega tæki og gögn sé þess þörf.
- Sveitarfélagið hefur sett fram ítarlega stefnu um þjónustu vegna nemenda með sérþarfir.
- Greiningar og skimanir eru lagðar til grundvallar stuðningi og sérkennslu.
- Sérfræðingar koma að skólastarfi frá nágrennaskóla.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í að móta áherslur í einstaklingsnámskrá eins og mögulegt er.
- Gæta þess að allir starfsmenn fái upplýsingar sem þeir þurfa vegna starfs síns með nemendum.
- Veita umsjónarkennurum markvissan stuðning við skipulag og framkvæmd kennslu í samkennsluhópunum.
- Skrá viðmið um árangur skimana og mats og til hvaða aðgerða grípa skuli í kjölfarið ef þarf.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Árskógarskóli

Árskógarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli í Dalvíkurbyggð. Nemendur grunnskóladeildar eru í 1.-7. bekk en unglingar úr byggðalaginu sækja skóla á Dalvík. Skólinn er staðsettur að Árskógi og skólabílar sækja nemendur í þéttbýliskjarnana á Hauganesi, Árskógssandi og dreifbýlinu á Árskógsströnd. Skólinn var stofnaður árið 2012 og er því að hefja sitt 8. starfsár. Frístund er í boði fyrir nemendur 1.-4. bekkjar frá kl. 13:30-16:00 og er starfsemin samtvinnuð starfi leikskólans.

Áherslur skólans birtast í krossglímu staðarheitisins Árskógur;

námsÁhugi
þRautseigja
Samvinna
leiKur
útiskÓli
Gleði
Umhyggja
viRðing

Í grunnskólanum eru 23 nemendur á haustönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.			
Fjöldi nemenda	4	2	2	6	3	3	2			
Samkennsluhópar	1.-4. bekkur 14 nemendur				5.-7. bekkur 8 nemendur					

Enginn nemandi er af erlendum uppruna og þar af leiðir fær enginn kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu (einstaklingsnámskrá) eru fimm. Á skólaárinu hefur aldrei fallið niður kennsla hjá nemendum.

Heildarfjöldi starfsmanna í Árskógarskóla eru níu og þar af vinna þrír starfsmenn í leikskólanum og tveir þeirra einnig að hluta í grunnskólanum. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri sem jafnframt er skólastjóri Dalvíkurskóla og svo deildarstjóri. Kennarar eru fjórir í 2,5 stöðugildum og aðrir starfsmenn þrír.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Á síðustu árum hafa verið nokkuð ör starfsmannskipti í Árskógarskóla, einkum í grunnskóladeildinni. Þannig er nýráðinn skólastjóri einnig skólastjóri Dalvíkurskóla og er að hefja störf sem skólastjóri í báðum skólum. Deildarstjóri sem er einnig nýráðinn, er leikskólakennari og tilheyrir raunar þeirri deild að miklum hluta en ber ábyrgð á daglegu starfi í grunnskóladeild.

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega bæði með óformlegum og formlegum hætti. Kennarar eiga kost á að fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta gögn. Fylgst er með því að niðurstöður ytra mats varðandi framfarir nemenda og líðan séu nýttar til að efla starf skólans.

Að mati viðmælenda í rýnihópum líta starfsmenn skólans á sig sem eina liðsheild. Starfsmenn grunnskóladeildar, sem voru þátttakendur í matinu, nefndu þó að faglegt formleg samstarf við þá sem eru á leikskólastigi sé erfiðara vegna ólíkra vinnuaðstæðna hvað varðar vinnutíma.

Allir viðmælendur voru sammála því að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum og nefndu í því sambandi t.d. svokallaða „Gæðastund“ sem er alla miðvikudaga. Þar koma nemendur og starfsfólk saman og allir hafa tækifæri til að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri um hvaðeina sem viðkemur skólastarfinu.

Í símenntunaráætlun skólans, sem nær til allra starfsmanna, rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar auk þess sem hún byggir á stefnu skólans.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá skólans er opinber og inniheldur nánast öll viðmið aðalnámskrár. Í henni birtist sýn og stefna skóla. M.a er þar svokallað *Stefnuskjal Árskógarskóla* þar sem gerð er grein fyrir framtíðarsýn skólans í fjórum þáttum; skólasamfélagi, innra mati, mannauð og fjármálum. Einkunnarorð skólans birtast í krossglímu sem tengist í nafninu Árskógur og inniheldur því átta orð, sem er nokkuð mikið enda kom fram í rýnihópum að þau voru ekki ljós í vitund fólks. Stefna sveitarfélagsins sem m.a. byggir á einkunnarorðunum *virðing – jákvæðni – metnaður* og stefna aðalnámskrár eru sýnilegar í starfi skólans. Þegar stefna skólans er endurskoðuð, sem gert er reglulega, er það fyrst og fremst í höndum skólastjóra og kennara. Skólastjóri á aðkomu að stefnumótun um skólamál í sveitarfélaginu.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti, m.a. var oft pistill í staðarblaði á vorönn 2019 þar sem skólinn kom á framfæri sérstöðu sinni eins og útikennslu, samkennslu og fleira.

Starfsáætlun skólans er hluti af skólanámskránni og er nánast að öllu leyti samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár. Þar sem matið fór fram snemma á skólaárinu voru ekki komnar á heimasíðuna árganganámskrár sem eru hluti af starfsáætlun en matsmenn gátu séð þær hjá kennurum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg. Í svo fámennu samfélagi eru óformlegu samskiptin öllu fyrirferðameiri. Því er t.d. ekki hægt að benda á formlegar leiðir eins og kannanir til að leita eftir sýn og hugmyndum foreldra en skólaþing sem haldin eru tvisvar á ári eru góður vettvangur til að skiptast á skoðunum þar sem saman koma starfsmenn, nemendur og foreldrar. Eitt af markmiðum skólaþinga er skv. skólanámskrá að efla einn af grunnþáttum menntunar; lýðræði og mannréttindi.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim hefði ekki beinlínis verið kynnt reglugerð sem fjallar um sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag, hins vegar væri það eitthvað sem allir stuðluðu sameiginlega að.

Formlegar leiðir til að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið eru ýmsar. Þar má nefna vikuleg bréf umsjónarkennara, mánaðarleg fréttabréf stjórnenda svo og heimasíðu skólans.

Samskipti við leikskólann eru eðlilega mikil og virk þar sem hann er undir sömu stjórn og samskiptin eru skráð í skólanámskrá. Elstu nemendur skólans eru í 7. bekk, að því loknu sækja þeir skóla á Dalvík og eru samskiptin við skólann þar bæði skráð og virk. Samskiptin við grenndarsamfélagið eru markviss, má þar nefna heimsóknir á hina ýmsu vinnustaði og stofnanir í sveitarfélaginu, og heimsóknir á sveitabæi.

Á heimasíðu má sjá að skólaráð hefur fundað reglulega þegar litið er til nokkurra ára en þó er aðeins ein fundargerð frá skólaárinu 2018-2019. Að sögn fulltrúa úr skólaráði í rýnihópi er gert ráð fyrir að funda tvisvar til þrisvar á skólaárinu en ráðið hefur ekki haldið opna fundi fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð gerir ráð fyrir. Nemendafélag er starfandi og skipa elstu nemendur skólans stjórn þess. Á heimasíðu má sjá lög félagsins og hverjir eru í stjórn. Félagið stendur fyrir hinum ýmsu viðburðum og kosið er í nefndir til að sjá um þá, s.s. árshátíðarnefnd, íþróttarnefnd, ritnefnd og sjoppunefnd.

Í flestum rýnihópum kom fram að það sé óþægileg tilfinning hvernig „ligger í loftinu“ ákveðin óvissa um framtíð skólans án þess þó að neitt sé staðfest eða skráð um að breyting verði þar á.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Ýmis þróunarvinna hefur verið í skólanum síðustu ár. Að mati viðmælenda í rýnihópum hefur hún stundum borið keim af áhugasviðum skólastjóra en eins og áður hefur komið fram hafa stjórnendaskipti verið nokkuð ör. Þannig var í fyrra mikil áhersla á að efla Byrjendalæsi, áður var það útikennsla og þeim verkefnum er fylgt eftir í ár. Þá vill núverandi skólastjóri leggja áherslu á nám við hæfi fyrir alla nemendur og í gegnum árin hefur verið og er enn, mikil áhersla á umhverfismál. Skólinn er einn af Skólum á grænni grein og hefur flaggað Grænfánanum fjórum sinnum og stefnt er að fimmta fánanum í lok skólaárs.

Í skólanámskrá er fjallað um helstu viðfangsefni skólaársins og þar er meðal annars rætt um þemavinnu þvert á skólastig, útiskóla, Grænfánaverkefni, lestrar- og læsisstefnu og áhersla á tækni og skapandi hugsun í stærðfræði.

Uppbyggingarstefna hefur verið innleidd í skólann og sjá má að skólareglur taka nokkurt mið af því en Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á að byggja upp sjálfsaga og ábyrgð hjá einstaklingum með samræðum um lífsgildi og eigið sjálf.

Í viðtölum kom fram að gögn um árangur og líðan, svo sem kannanir og skimanir, eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum enda starfið allt unnið í samvinnu starfsmanna en umbótaáætlun sem slík er ekki til staðar. Fundargerðir ársins 2018-2019 frá verkefnastjórn Grænfána eru birtar á heimasíðu skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Fyrir ári var Skólapúlsinn nýttur til að senda út reglulegar kannanir til nemenda, foreldra og starfsmanna en vegna fámennis er það ekki gert lengur. Hins vegar hefur fræðsluvið Dalvíkurbyggðar gert bæði foreldra- og starfsmannakannanir og má sjá niðurstöður þeirra á heimasíðu skólans. Þar kemur fram mjög jákvætt viðhorf til stjórnenda og skólans í heild.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt og til er ferli samskipta og lausna ef ágreiningsmál koma upp. Í skýrslu liðins árs um innra mat kemur fram að upplýsingaflæði þyrfti að vera betra til annarra starfsmanna en að sögn starfsmanna hefur verið tekið á því. Skólareglur hafa verið endurskoðaðar, á yfirstandandi skólaári var einkum fjallað um reglur sem snúa að matsal, anddyri og í skólabíl og voru nemendur þar fullgildir þátttakendur í ákvörðunum.

Skólastjórnendur vinna með sveitarfélaginu að því að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi í skólanum og nemendur sögðu að öryggismál, þ.m.t. netöryggi væri kynnt fyrir þeim.

Starfsmenn hafa kynnt sér ný lög um persónuvernd og skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu en það gildir ekki um verktaka eða aðra gesti sem koma tímabundið til starfa.

Nemendur eiga sæti í nemendaráði, skólaráði og umhverfisráði Grænfána þar sem allir nemendur skólans eru fullgildir þátttakendur.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum en ennþá er það ekki skráð og opinbert enda fáar vikur liðnar af skólaári þegar matsmenn voru á vettvangi og báðir stjórnendur nýir í starfi. Að þeirra sögn mun þó daglegt starf hvíla að miklu leyti á herðum deildarstjóra sem er alla daga á staðnum en skólastjóri reynir að koma reglulega og ber ábyrgðina sem slíkur á öllu starfinu.

Kennarar eru tiltölulega nýir í starfi og hefur skólinn fengið nokkurs konar mentora, sérfræðinga úr öðrum skóla sveitarfélagsins, til að vera ráðgefandi. Skólastjórnendur fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeir fá hrós fyrir störf sín þegar við á og starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Nýráðinn skólastjóri hefur undanfarin ár leitast við að styrkja eigin þekkingu í starfi sem stjórnandi enda hefur hann gegnt stjórnunarstarfi í mörg ár. Leitast er við að nýta mannauð innan skólans sem best og að sögn kennara í rýnihópi hafa þeir leitt og borið ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Ekki eru skráðir ábyrgðaraðilar verkefna í námskrá en fundargerðir, t.d. Grænfánaverkefnisins eru skráðar og birtar á heimasíðu.

Almennt finnst starfsfólki það njóta trausts í starfi, tekur þátt í samvinnuverkefnum og er treyst fyrir ábyrgð.

Í máli skólastjóra kom fram að hann telur mjög mikilvægt að hugað sé að góðum stuðningi við kennara skólans, ekki síst með tilliti til lítillar kennslureynslu þeirra og mikillar breiddar í nemendahópnum.

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal allra starfsmanna.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla nánast öll viðmið aðalnámskrár.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti á fjölbreyttan hátt.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og fjölbreytt.
- Efnt er reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum og skólaþing eru haldin.
- Heimasíðan er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Stjórnendur leitast við að hafa samskipti sem jákvæðust og leysa þau ágreiningsmál sem upp koma sem fyrst.
- Nemendur taka þátt í að endurskoða skólareglur.
- Nýir kennarar fá sérstakan stuðning í starfi.
- Starfsmenn leiða og bera ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum sem snúa að skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Auka samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun í skólanum.
- Kynna foreldrum og nemendum enn betur sýn og stefna skólans, svo sem einkunnarorð hans.
- Vinna með einkunnarorð skólans og gera þau sýnilegri.
- Leita enn frekar leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfi.
- Gera starfáætlun fyrir skólaráð og funda reglulega.
- Skólaráð haldi a.m.k. einn opinn fund á ári með hagsmunaaðilum skólans.
- Skrá verklag um hvernig gögn, s.s. kannanir og skimanir um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til eflingar starfinu.
- Sjá til þess að verktakar og aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Skrá og birta verkaskiptingu stjórnenda.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastarf mótast af stefnu skólans og Dalvíkurbyggðar. Í skólanámskrá er skilmerkilega fjallað um stefnu skólans og hvernig útfærsla hennar á að koma fram í skólastarfi.

Áherslur skólans eru settar fram víða, m.a. í skólanámskrá, árganganámskrá og stefnuskjali skólans. Helstu áherslur eru; að hver og einn njóti sín á sínum forsendum, í hvetjandi námsumhverfi, fjölbreyttar kennsluaðferðir, útikennsla og að samskipti séu uppbyggileg og lausnamiðuð.

Í skólanámskrá eru settar fram leiðir til að vinna að grunnþáttum menntunar. Þar kemur einnig fram að áhersla er lögð á lykilhæfni nemenda og hún metin í 4. bekk og við útskrift í 7. bekk.

Þegar matsmenn voru á vettvangi í annarri viku september, voru áætlanir annarinnar/vetrarins um nám ekki orðnar opinberar í öllum námsgreinum. Matsmenn sáu áætlanir kennara sem byggja á hæfniviðmiðum aðalnámskrár og setja fram kennsluhætti, verkefni og hvernig metið er. Útfærsla og áherslur í námi og kennslu er skilmerkilega gerð skil í árganganámskrá skólans. (Óuppfærð frá síðasta skólaári). Áætlanir eru settar fram fyrir hvern árgang. Þar kemur ekki fram hvernig grunnþættirnir eða lykilhæfnin tengjast inn í námið. Á haustin er kynning á skólastarfi alls skólans fyrir foreldra.

Í árganganámskrá er rætt um að aldursblöndun skapi aðstæður þar sem hver og einn fái tækifæri til að ná markmiðum á eigin forsendum. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi þegar við á. Í skólanámskrá ætti að koma fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings vegna sérþarfa er. Foreldrar í rýnihópi nefndu þörf á sérfræðingum til starfa við skólann, s.s. sérkennara. Einnig var nefnt að ef á þyrfti að halda og leitað væri eftir væri hægt að fá sérfræðiþjónustu, t.d. talmeinafræðings.

2.2. Árangur náms


Skólinn hefur þá stefnu að vera skóli án aðgreiningar þar sem hver og einn fær tækifæri til að gera sem mest úr hæfileikum sínum. Kennarar segja að fylgst sé með árangri nemenda jafnt og þétt og þeim gefin umsögn um framfarir. Lokamat er í 4. og 7. bekk sem byggir á prófum og símati.

Vegna fámennis gerir skólinn ekki opinberlega grein fyrir árangri á samræmdum könnunarprófum en hægt er að skoða uppsafnað meðaltal til að sjá tilhneigingu í árangri til lengri tíma og setja fram áætlun um bættan árangur ef þarf.

Samræmd könnunarpróf


Fjöldi nemenda í skólanum er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.

4. bekkur



Uppsafnað meðaltal 4. bekkjar 2014-2017 á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að árangurinn hefur verið að aukast. Bæði fög mælast yfir landsmeðaltali og íslenska aðeins hærra en stærðfræði. Enginn þreytti samræmd könnunarpróf í 4. bekk 2018.

7. bekkur



Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur aukist þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2013-2015 og er rétt ofan við landsmeðaltal. Árangur í stærðfræði hefur hins vegar dalað á sama tímabili og mældist nokkuð undir meðaltali. Enginn þreytti samræmd könnunarpróf í 7. bekk á tímabilinu 2016-2019.


Um fjöllum um námsmat er í árganganámskrá og þar er birtur matskvarði grunnskólans. Unnið er með matsmöppur þar sem nemendur velja verkefni í og er grunnur að mati á árangri og framförum. Hæfniviðmið eru sýnileg nemendum í sumum námsgreinum, meðal annars í sundi.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 11 kennslustundum hjá öllum nemendum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Nemendum er skipt í tvo aldursblandaða námshópa, hvor með sinn umsjónarkennara sem kennir flestar námsgreinar. Tveir aðrir kennarar koma að kennslu í íþróttum, upplýsingatækni og stærðfræði. Matsmenn sáu að kennarar sýna fagmennsku í starfi en umsjónarkennarar eru báðir að stíga sín fyrstu skref í kennslu. Annar umsjónarkennarinn er á sínu fyrsta starfsári en hinn er með eins árs starfsreynslu og kenndi við skólann á síðasta skólaári. Stuttur starfsaldur beggja umsjónarkennara ásamt því að síðasti skólastjóri starfaði aðeins eitt ár veldur óhjákvæmilega ákveðnum vanda í skólastarfi, sem kemur fram í að fáir eru starfandi dags daglega með reynslu af skipulagi, hefðum, námsstöðu og sérþörfum nemenda sem og kennslufræðilegum áherslum grunnskólans. Það gerir nýjum kennurum starfið á margan hátt erfitt og hugmyndir sem fram koma í námskrá um að starfa í teyllum gefur ekki sömu mögnun og gæti verið ef reynsla væri meiri. Sveitarfélagið og skólastjóri hafa brugðist við með styrkingu sérkennara frá Dalvíkurskóla sem koma að starfinu með kennurunum einhverja daga. Auk þess kemur fyrrverandi kennari skólans sem sjálfboðaliði eða lestramma og hjálpar m.a. til við að láta yngstu nemendur lesa.

Flestar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar en í nokkrum komu fram mikilvægir þættir sem þarf að bæta, svo sem að sinna þarf nemendum 1. bekkjar einhverja tíma sér og gera nemendum betur grein fyrir markmiðum. Náms tími nemenda er vel nýttur.

Dagskipan er skráð á töflu, eða eins og eldri nemendur sögðu „það er skrifað upp á töflu hvað við eigum að gera, kannski ákveðnar blaðsíður í tímanum eða vikunni“. Fram kom að námsmarkmið kennslustunda eru almennt ekki kynnt hópnum í heild sem getur verið snúið í samkennslu árganga eða þegar nám og kennsla er mjög einstaklingsmiðuð. Nemendur nefndu að þeir hefðu verið með vikuáætlanir í fyrra en þær væru ekki komnar núna.




Í kennslustundum sem matsmenn sátu voru kennsluáherslur að meirihluta fræðandi, það er bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Í aðstæðum eins og eru við samkennslu gengur kennari á milli og aðstoðar hvern og einn. Leiðbeinandi kennsluáherslur, það er skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms voru að hluta í um fimmtungi stundanna sem heimsóttar voru.

Kennarar sögðu að nemendum sem þurfa stuðning sé mætt með aðkomu sérkennara nú í vetur, en bæði kennarar og foreldrar nefndu að líklega væri þörfum bráðgerra nemenda ekki mætt nægilega eða markvisst og gera mætti meiri kröfur að mati foreldra.

Við aldursblöndun í kennslu geta viðmið um árangur verði skekkt, þannig að gerðar séu of litlar kröfur til náms og framfara. Sérstaklega er hætt á því ef námsvísar og kennsluáætlanir eru ekki skilmerkilega fram settar þannig að eðlilegur stígandi sjáist.

2.4 Skipulag náms

Skólinn er rúmgóður og vel búinn námsgögnum. Nemendur nýta sér námsumhverfi á fjölbreyttan hátt innan og utan skóla. Nemendum er kennt í tveimur námshópum, 1.-4. bekk og 5.-7. bekk saman. Samkvæmt áherslum skólans eiga kennara að vinna saman í teyllum við skipulag náms, en fram kom í viðtölum að hver gerði sínar áætlanir „allt sér, maður vinnur sinn hluta og skilar inn“. Hvor umsjónarkennari heldur utan um nærri allar kennslustundir síns námshóps. Samþætting námsgreina og heildstæð verkefni eru unnin innan námshóps og einnig í útikennslu.



Í þeim kennslustundum sem matsmenn sáu voru nemendur að vinna einir að verkefnum sínum í yfir 80% af námstímanum. Í um 20% var samvinna í hluta tímans. Enginn tími var skipulagður fyrst og fremst sem samvinna nemenda um nám. Fjöldi nemenda í námshópi voru frá átta í 14. Við samkennslu árganga er hætt á að innlögn fari fyrst og fremst fram einstaklingslega og verði einhæf og einvörðungu munnleg þar sem kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni sem annars væri gert. Við það skapast síður námssamræða milli kennara og nemenda og nemenda í milli. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa þetta í huga og kenna einnig nemendum að takast á við verkefni í þörum eða smærri hópum og skapa aðstæður þar sem samræður fara fram um nám milli nemenda.

Nemendur nýta upplýsingatækni til náms í kennslustundum þegar við á, í fimm kennslustundum nýttu nemendur, einn eða fleiri upplýsingatækni og kennarar notuðu upplýsingatækni í tveimur stundum.

Foreldrar í rýnihópi telja sig fá reglulegar og góðar upplýsingar um skólastarf, meðal annars með föstudagspósti og fréttabréfi. Í foreldrakönnun sem sveitarfélagið leggur fyrir kom einnig fram að skólinn veiti nægar upplýsingar um námsstöðu barnsins.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir og virkir í kennslustundum sem matsmenn heimsóttu. Hjá kennurum kom fram að unnið er með markmið í tengslum við Byrjendalæsi og verið er að huga að því að efla þá vinnu meira með nemendum. Markmið eru einnig kynnt í íþróttum. Nemendur vinna verkefni sem tengjast áhugasviðum þeirra og hæfileikar fá að njóta sín. Nemendur þjálfast í að meta nám sitt með námsmöppum.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Skólastarf og samskipti í skólasamfélaginu einkennast af virðingu. Nemendur taka þátt í nokkrum ráðum í skólanum og hafa áhrif á skólaumhverfi sitt. Þeir taka þátt í að setja reglur, svo sem í matsal og skólarútu. Nemendur fá fræðslu um hvað nemendaráð gerir og þjálfun til að taka þar þátt. Nemendur í ráðum hafa tækifæri til að miðla efni til annarra nemenda. Skólaþing er haldið einu sinni á ári þar sem fjallað er um hvað má bæta í skólastarfi að sögn nemenda í rýnihópi. Í rýnihópnum kom fram að nemendum finnst ekki nægilega horft á málin frá þeirra sjónarhorni.

Styrkleikar

- Stefnu skólans og útfærslu í skólastarfi er skilmerkilega gerð skil í skólanámskrá.
- Sérstakur stuðningur við nemendur fer fram innan námshóps.
- Uppsafnað meðaltal sýnir góðan árangur á samræmdum prófum hjá 4. bekk.
- Kennarar sýna fagmennsku í störfum.
- Hæfniviðmið námsgreina eru birt á heimasíðu.
- Nemendur eru virkir og hafa áhrif á nám og námsumhverfi sitt.
- Nemendum er kennt að meta eigið nám með nemendamöppum.
- Nemendur nýta námsumhverfið á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur nýta upplýsingatækni til náms.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans um nám barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa með markmiðum náms tengt aðalnámskrá og stefnu skólans í upphafi skólaárs.
- Tengja grunnþætti menntunar og hvernig unnið er með lykilhæfni við áætlanir um nám nemenda.
- Setja betur fram í námskrám árganga hvernig vinna á með sérstakar áherslur skólans, svo sem útikennslu.
- Gera nemendum grein fyrir hæfniviðmiðum sem stefnt er að í námsgreinum.
- Gera betur grein fyrir áherslum og framkvæmd vegna sértæks stuðnings.
- Greina slakan árangur nemenda í stærðfræði og bregðast við.
- Vinna með niðurstöður samræmdra könnunarprófa til lengri tíma litið.
- Efla teymisvinnu kennara og sjá til þess að óreyndir kennarar fái stuðning við skipulag og framkvæmd kennslu.
- Gefa nemendum 1. bekkjar sér tíma einhvern hluta af kennsludegi.
- Efla samræður um nám og samvinnu nemenda þar sem við á.
- Þjálfva nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólstarfi, eins og fram kom í viðtölum við kennara og stjórnendur. Innra mat er samofid daglegu skólstarfi og í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Fyrir liggur áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár og í lok hennar eru skráð viðfangsefni innra mats skólans til næstu tveggja ára (3ja ára áætlun).

Í langtímaáætlun kemur fram að meðal annars á að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum umbótaáðgerða hefur verið náð. Val matsþátta byggir á stefnu skólans og helstu viðfangsefnum, fjallað er um leiðir að markmiðum en viðmið um árangur eru ekki skilgreind.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og matið er hluti af daglegu starfi kennara. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir. Í innra mats áætlun eru taldar upp leiðir sem farnar eru við gagnaöflun, bæði eigindlegar og megingdlegar. Má þar nefna skimanir hjá nemendum, samræður kennara um niðurstöður samræmdra könnunarprófa, matsmöppur nemenda, tengslakannanir, foreldraviðtöl, skólaþing, starfsþróunarsamtöl og skilafundi.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda svo og allt skipulag og val gagnaöflunarleiða en ekki er starfandi matsteymi. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila; nemenda, foreldra og starfsmanna. Auk innra mats sem skólinn framkvæmir gerir fræðsluvið Dalvíkurbyggðar árlega kannanir meðal starfsmanna og foreldra.

3.3 Umbætur

Í greinargerð um innra mat síðasta skólaárs koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið, bæði helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.

Í rýnihópum kom fram að helstu niðurstöður eru kynntar hagsmunaaðilum. Þannig eru niðurstöður úr starfsmannakönnunum kynntar starfsmönnum og þeim eru einnig kynntar niðurstöður úr foreldrakönnunum. Í sjálfsmatsskýrslu liðins árs kemur einnig fram að niðurstöður tengslakönnunar sem sneri m.a. að líðan nemenda hefðu verið kynntar og ræddar meðal starfsfólks ásamt þroskaþjálfra, sérkennara, skólabílstjóra og foreldrum til að ýta undir vellíðan allra nemenda. Að sögn viðmælenda eru þá jafnframt ræddar hugmyndir til umbóta þar sem þeirra eru þörf. Kannanir sem snerta nemendur eru hins vegar ekki formlega kynntar þeim vegna fámennis þar sem upplýsingar eru auðgreinanlegar en niðurstöður ræddar í foreldraviðtölum.

Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar upplifa að á þá sé hlustað og „farið í að leysa málin þegar þarf“. Ekki er til umbótaáætlun þar sem tilgreindar eru markvissar aðgerðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Hins vegar er í sjálfsmatsskýrslu skólans frá síðasta ári dregið á ýmislegt til að koma til móts við ábendingar sem komið hafa varðandi tækifæri til umbóta.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Skólinn nýtir niðurstöður út ytra mati sveitarfélags í sitt innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og meginlegra gagna.
- Greinargerð um innra mat liðins árs er til staðar.
- Í greinargerð er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar viðkomandi hagsmunaaðilum.
- Brugðist er fljótt við hugmyndum um tækifæri til umbóta, þó þær séu ekki í innra mats áætlun.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina viðmið í innra mats áætlun um þann árangur sem stefnt er að, þar sem það á við.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Endurskoða reglulega aðferðir í innra mati.
- Gera umbótaáætlun fyrir hvert skólaár þar sem koma fram markmið og leiðir, ábyrgðaraðilar, þátttakendur, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta árangur umbóta.
- Leggja umbótaáætlun formlega fyrir skólaráð og birta á heimasíðu.
- Birta greinargerð um innra mat liðins árs/ára á heimasíðu skólans.

Páttur 4 – Skóli án aðgreiningar

Að ósk skóla og sveitarfélags litu matsmenn til skóla án aðgreiningar í fjórða þætti. Ekki er birtur litaprófill af fjórða þætti.

4.1 Menning og viðhorf

Stjórnandi hefur sterka sýn á að skólinn sé skóli án aðgreiningar, þar sé nám við hæfi allra nemenda og þeim sé mætt þar sem þeir eru. Í skólanámskrá kemur sú sýn sterkt fram. Stefna skólans var unnin á síðasta ári þar sem lögð er áhersla á að hver og einn nái árangri. Skólinn er fámennur sem gerir framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar á margan hátt auðvelda en getur einnig verið erfitt ef skortir stuðning við sértæk úrlausnarefni. Litið er svo á að leita eigi eftir stuðningi utan frá ef þarf og að mati foreldra er það gert. Fámennið gerir samskipti nemenda að vissu leyti lík systkinasamskiptum, þar ríkir bæði vernd og stuðningur en einnig smá afskiptasemi.

4.2 Námskrá og áætlanir

Nám allra er skipulagt innan ramma námshóps og umsjónarkennarar bera ábyrgð á öllum nemendum námshópsins. Gerðar eru einstaklingsnámskrár þegar við á með aðstoð sérkennara. Foreldrar sem við var rætt töldu skólann vinna faglega að framsetningu áætlana og gerð sérstakra markmiða fyrir börn ef þyrfti og foreldrar eru hafðir með í ráðum um markmiðssetningu og reglulegt endurmat markmiða. Í einstaklingsnámskrá er hugað að félagslegum markmiðum. Nemendur skrifa undir þær en ekki er séð að þeir hafi áhrif á markmiðssetningu. Sveitarfélagið hefur sett fram greinargóða stefnu um þjónustu við nemendur með sérþarfir sem ætluð eru skólum sveitarfélagsins til stuðnings.

4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtir þjónustu og ráðgjöf frá sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og sérfræðingum Dalvíkurskóla. Samskipti og upplýsingamiðlun er auðveld milli leik- og grunnskóla þar sem skólinn er samrekinn. Fram kom hjá öðrum starfsmönnum skólans en kennurum að þeir fá ekki alltaf upplýsingar jafnóðum ef eitthvað er í gangi hjá nemendum. Í stefnu um þjónustu við nemendur með sérþarfir koma fram starfsreglur um meðferð mála og ferlar vegna úrvinnslu erinda. Þar er yfirlit yfir skimanir og mat sem lagt er fyrir nemendur ef við á. Ekki koma fram viðmið um árangur eða aðgerðir í kjölfar mats ef þeim er ekki náð.

4.4 Starfshættir

Í stefnu og starfsháttum skólans sést að skólinn leggur áherslu á að mæta fjölbreyttum náms- og félagslegum aðstæðum nemenda. Unnið er saman að bættum námsaðstæðum nemenda og einstaklingsþörfum mætt eftir megni. Umsjónarkennarar vinna ekki mikið saman við framkvæmd kennslunnar, en sérkennarar koma að sérstökum verkefnum með kennurum bæði í námshópnum sem heild og einnig vinna sérkennarar með einstaklingum að sérstökum verkefnum. Í þeim aðstæðum sem kennarar eru við skólann, þar sem eru tveir umsjónarkennara með stutta starfsreynslu, sem kenna nærri allar námsgreinar í sínum námshópum með þremur og fjórum árgöngum er mikilvægt að þeir fái stuðning við skipulag og framkvæmd kennslunnar.

Styrkleikar

- Skólinn hefur mótað sér sýn um skóla án aðgreiningar.
- Stjórnendur halda á lofti þeirri sýn að skólinn sé skóli án aðgreiningar.
- Allir nemendur eru velkomnir í skólann og leitast er við að skapa námsaðstæður fyrir alla nemendur og útvega tæki og gögn sé þess þörf.
- Sveitarfélagið hefur sett fram ítarlega stefnu um þjónustu vegna nemenda með sérþarfir.
- Greiningar og skimanir eru lagðar til grundvallar stuðningi og sérkennslu.

- Sérfræðingar koma að skólastarfi frá nágrannaskóla.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í að móta áherslur í einstaklingsnámskrá eins og mögulegt er.
- Gæta þess að allir starfsmenn fái upplýsingar sem þeir þurfa vegna starfs síns með nemendum.
- Veita umsjónarkennurum markvissan stuðning við skipulag og framkvæmd kennslu í samkennsluhópunum.
- Skrá viðmið um árangur skimana og mats og til hvaða aðgerða grípa skuli í kjölfarið ef þarf.